



Fundagerð 219.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 21. febrúar 2017 kl. 16.00 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar í hafnarhúsinu við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Víðir Benediktsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Guðný Sverrisdóttir ritari, Ólína Freysteinsdóttir, Kristín Björk Gunnarsdóttir og Axel Grettisson.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnarstjóri.

Fundagerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lögð fram til staðfestingar fundagerð 218. fundar frá 8. desember s.l.
Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Breyting á stjórn HN.

Tilkynnt hefur verið breyting á stjórn HN. Ólína Freysteinsdóttir tekur sæti Lindu Maríu Ásgeirsdóttur frá og með þessum fundi. Um leið og Lindu eru þökkuð góð störf fyrir hönd Hafnasamlagsins er Ólína boðin velkomin.

3. Nýr hafnarbátur.

Hafnarstjóri og formaður stjórnar fóru yfir stöðu mála varðandi útboð á nýjum dráttarbát fyrir HN. Búið er að sannreyna alla þætti er varða útboðið og því er næsta skref að skrifa undir smíðasamning. Jafnframt hefur komið staðfesting frá hinu opinbera um fjárveitingu fyrir árið 2017. Stjórn HN fagnar niðurstöðinni og heimilar hafnarstjóra og formanni að ganga frá samningum við lægstbjóðenda.

4. Erindi frá MAK.

Lagt fram erindi dagsett 13. janúar s.l. frá Menningarfélagi Akureyrar vegna reksturs salerna í Hofi. Í erindinu óskar MAK eftir því að HN komi til móts við þann aukna kostnað sem hlýst af notkun ferðamanna á salernum í Hofi og merkja þau greinilega aukningu þá daga sem skemmtiferðaskip liggja við bryggju og því þurfi að þrifa salernin tvisvar á dag til að koma til móts við aukna notkun. Ákvörðun frestað til næsta fundar.

5. Framkvæmdir 2017.

Hafnarstjóri fór yfir framkvæmdir ársins. Jafnframt óskaði hann eftir því að flýta verki við timburbyggju á Slippsvæðinu sem var á framkvæmdaáætlun 2018 til ársins í ár vegna slysaþættu við bryggjuna. Stjórn HN samþykkir þessa breytingu á framkvæmdaáætlun.



6. Ný smábátahöfn.

Mikil aukning hefur verið á sportbátæign á Akureyri síðustu misseri og virðist ekkert lát vera á. Þar sem smábátahöfnin í Sandgerðisbót er fullnýtt og litlir stækkunarmöguleikar þarf að huga að nýjum möguleika á þeirri viðbót sem mun koma í framtíðinni. Hafnarstjóri kynnti hugmynd að nýrri höfn rétt sunnan við Höfhner. Stjórn HN felur hafnarstjóra að vinna málið í samráði við skipulagsráð Akureyrarbæjar.

7. Skipulagssvið Akureyrarbæjar.

a. Hafnarsvæðið sunnan Glerár, breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar tók fyrir á fundi sínum þann 10. febrúar s.l. erindi hafnarstjóra frá 25. apríl 2015 um ósk á breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðir 2-4 við Skipatanga. Ein athugasemd barst en var hún frá hverfisnefnd Oddeyrar. Farið var fram á að afgreiðslu væri frestað þangað til gerð rammaskipulags væri lokið. Skipulagsráð ákvað að fresta afgreiðslu erindisins.

b. Umferðarstýring á Strandgötu austan Hjalteyrargötu.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar tók fyrir á fundi sínum þann 1. febrúar s.l. erindi hafnarstjóra frá 5. Janúar 2017 er varðar umferðarstýringu á Strandgötu austan Hjalteyrargötu þegar stór skemmtiferðaskip koma til hafnar. Skipulagsráð samþykkir erindið og felur skipulagsráð að auglýsa ákvörðunina.

c. Ósk um bann við lagningu bíla við Kaldbaksgötu og Gránufélagsgötu.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar tók fyrir á fundi sínum þann 11. janúar s.l. erindi hafnarstjóra frá 5. janúar 2017 þar sem óskað er eftir að bannað verði að leggja bílum við vesturkant Kaldbaksgötu, milli Gránufélagsgötu og Strandgötu annars vegar og austurkant Laufásögötu milli Strandgötu og Gránufélagsgötu hins vegar allan sólarhringinn frá 1. júní til 25. september 2017. Er þess óskað þannig að afgreiðsla við skemmtiferðaskip gangi sem greiðast fyrir sig. Skipulagsráð samþykkir bannið og felur sviðstjóra skipulagsráðs að senda beiðni til sýslumannsins á Akureyri um gildistöku með auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu.

d. Lenging Tangabryggju.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar tók fyrir á fundi sínum þann 11. janúar s.l. erindi hafnarstjóra frá 16. júní 2016 er varðar deiliskipulagsbreytingu vegna lengingar Tangabryggju til suðurs. Ein athugasemd barst og var hún frá Norðurorku er varðar lagnir á svæðinu og verður HN að ganga frá samningi við Norðurorku vegna þeirra áður en framkvæmdarleyfi verður veitt. Skipulagsráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt og sviðsstjóra skipulagsráðs falið að annast gildistöku hennar.

8. Önnur mál.

Engin önnur mál.



Víðir Benediktsson formaður

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

Guðný Sverrisdóttir ritari

Ólína Freysteinsdóttir

Axel Grettisson

Kristín Björk Gunnarsdóttir

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
